

# Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélag Íslands 2019

## 1. Ríkisjarðir og þjóðlendur til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst – 1. september 2019, beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands að útvega skógræktarfélagunum land til skógræktar.

## 2. Fræðsla um loftslagsmál og aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst – 1. september 2019, hvetur til þess að útbúið verði námsefni fyrir grunnskóla landsins um loftslagsmál.

## 3. Lausaganga búfjár

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst – 1. september 2019, hvetur stjórnvöld til þess að koma á vörsluskyldu búfjár og banni við lausagöngu í öllum þjóðgörðum á Íslandi.

## 4. Græni stígurinn ofan höfuðborgarsvæðisins

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst til 1. september 2019, hvetur stjórnvöld og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að taka Græna stíginn inn í þær viðræður sem hafnar eru milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033, enda er stígurinn hluti af samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.

## 5. Landsáætlun í skógrækt

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst til 1. september 2019, fagnar tilkomu nýrra skógræktarlaga sem voru samþykkt á Alþingi 2. apríl síðast liðinn og leggur til að fjármagni verði veitt til þess að gerð verði Landsáætlun í skógrækt. Telja verður fullvíst að ekki verði unnið að Landsáætlun nema til komi töluverðir fjármunir. Hvort slíkir fjármunir eru til reiðu verður að teljast prófsteinn á gildi þessara nýju laga.

## 6. Aukin kolefnisbinding Landgræðsluskóga

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst – 1. september 2019, hvetur Skógræktarfélag Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þess að framleiðsla á skógarplöntum taki mið af þeim markmiðum að (1) binda eigi kolefni með sem skilvirkustum hætti og (2) að skógar verði í framtíðinni tegundafjölbreyttir. Skógræktarfélagin eru í fararbroddi loftslagsverndar og einn helsti framkvæmdaraðili við bindingu koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) í landinu. Fjármunir og sjálfböðavinna félaganna svo og opinbert fé eru takmarkandi þættir við bindinguna þ.e. hvað hægt er að græða upp mikið af nýjum skógum. Því skiptir verulegu máli hvernig þeim fjármunum er varið.